

Nd.

145. Breytingartillaga

[62. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 4. gr. Á eftir 2. málsg. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú ris ágreiningur um það, hvort um ítak er að ræða eða landareign, og skal þá fara eftir ákvæðum í þinglesnum landamerkjabréfum hlutaðeigandi jarða. Séu ákvæði, sem að þessu líta, í landamerkjabréfum ósamhljóða eða óglögg og ekki til önnur þinglesin skilríki, svo sem skiptagerð, kaupsamningur eða afsalsbréf, er skýra vafaatriðin til fulls, skal fara með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.